



Team Rynkeby og aðrir keppendur hjóla í mark. Nánar er fjallað um Team Rynkeby inni í blaðinu. Mynd: KIA gullhringurinn/Mummi Lú.

KIA gullhringurinn fór vel fram

Hjólreiðahátíðin KIA gullhringurinn fór fram laugardaginn 10. júlí á Selfossi en 550 þátttakendur voru skráðir sem gerir viðburðinn að stærsta hjólreiðaviðburði ársins.

Undanfarin ár hefur gullhringurinn verið ræstur út frá Laugarvatni, en nú er Selfoss nýr heimavöllur hjólreiðaviðburðarins.

Mikil eftirvænting var hjá þátttakendum, bæjarbúum og skipuleggjendum en hátíðin var ræst í nýjum miðbæ á Selfossi sem opnaði fyrsta áfanga sinn fyrir

gestum sömu helgi. Sigurður Ingi Jóhannsson, samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, ræsti afreksflokkinn en hann hjólaði sjálfur fjölskylduvegalengdina.



Nemendum fjölga við Lbhí



„Okkur fannst vanta eitthvað nýtt og ferskt“



Blíðskaparveður á Kótelettunni

**Fáðu
fagmann
í verkið**

**PÍPULAGNIR
HELGA**

Háheiði 10, Selfossi
S. 699 1985 / 823 6656



**Rafverktakar · Verslun
Öryggis-, myndavéla-
og loftnetskerfi**



Neyðarsími 660 1160

Eyravegi 32 · Selfossi · Sími 480 1160
www.arvirkinn.is





ÚTSALAN ER HAFIN

NÝJAR VÖRUR STREYMA INN

WWW.TISKUVERSLUN.IS

LINDIN
TÍSKUVERSLUN
Eyravegi 29 · Selfossi · Sími 482 1800



Sendibílar á Suðurlandi

Tek að mér alla almenna flutningsþjónstu
Heimsendingar - Vörudreifing - Búslóðaflutningar - Ruslaferðir
Traust og fagleg þjónusta með yfir 20 ára reynslu.

Tómas 820 3880 - keyrsla@keyrsla.is - www.keyrsla.is - f /keyrsla.is



Liðið stillir sér upp fyrir myndatöku á hátíðarsvæði Kótelettunnar í Sigtúnsgarði. Mynd: Dagskráin/brv.

Byrjuðu Íslandsferðina á KIA gullhringnum

Ef allt væri eðlilegt væri liðið að undirbúa sig að leggja af stað frá Danmörku til Parísar. Hinsvegar var ákveðið að hætta við ferðina hjá öllum 59 liðunum þetta árið eins og í fyrra vegna Covid-19. Þess í stað mun liðið hjóla innanlands líkt og í fyrra þegar hringurinn var farinn. Ferðin í ár hófst með því að taka þátt í KIA gullhringnum á Selfossi laugardaginn 10. júlí sl. Þar var leiðin „Flóaveitan“ hjóluð. Næstu daga mun liðið hjóla og keyra gegnum Vesturland og til Vestfjarða (sjá leiðarlýsingu neðar). Ferðin endar síðan í Reykjavík laugardaginn 17. júlí eftir að hafa hjólað um 825 kílómetra, hinsvegar eru hæðarmunurinn töluvert meiri en í ferð liðsins um Evrópu.

Hvað er Team Rynkeby?

Team Rynkeby er samevrópskt góðgerðarverkefni sem fagnar 20 ára afmæli á árinu 2021. Verkefnið felst í því að þátttakendur þess hjóla frá Danmörku til Parísar til styrktar börnum með alvarlega sjúkdóma. Árið 2017 tók íslenskt lið þátt í verkefninu í fyrsta sinn. Í ár eru þáttökuliðin 59 með rúmlega 2300 hjólurum og 440 manna aðstoðarliði. Þáttökuliði eru frá öllum Norðurlöndunum, Þýskalandi og Sviss ásamt einu samevrópsku liði. Markmiðið er það sama hjá öllum liðunum sem er að safna styrkjum sem allir fara til barna með alvarlega sjúkdóma í hverju landi fyrir sig.

Allir þátttakendur, bæði hjólarar og þjónustulið, greiða sjálfir allan kostnað, bæði fyrir þátttöku og búnað svo sem hjól og liðsföt, þannig að allt sem safnast rennur óskipt í söfnun liðsins.

Markmiðið að safna fyrir börn með alvarlega sjúkdóma

Til að taka þátt í verkefninu þarf fólk að sækja um með formlegum hætti á vefsíðu www.team-rynkebyisland.is í síðasta lagi 29. ágúst næstkomandi. Í framhaldinu er liðið valið og skipað í byrjun september ár hvert. Hægt er að sækja um sem hjólari eða í aðstoðarliðinu. Þau sem valin eru í liðið hefjast síðan handa við að safna styrkjum til dæmis hjá fyrirtækjum og stofnunum og vinna að verkefninu á ýmsan annan hátt.

Íslenska liðið

Íslenska liðið er skipað 38 hjólurum og 11 í aðstoðarliði. Eitt af markmiðum Team Rynkeby verkefnisins er að liðið sé byggt upp af fólki úr sem flestum atvinnugreinum, á öllum aldri og sem jafnastri skiptingu milli kvenna og karla.

Miklar æfingar að baki hjá liðsmönnum

Æfingar hefjast fljótlega eftir að nýtt lið er valið að hausti. Byrjað er að æfa saman úti en síðan taka við æfingar inni til dæmis á trainerum. Þegar liður að vori er bætt við útiæfingum meðal ann-

Styrktarnúmer Team Rynkeby Ísland eru:

907-1601 kr. 1.500
907-1602 kr. 3.000
907-1603 kr. 5.000

Frjáls framlög

Banki 0537-26-567
kt. 580216-0990

ars til að æfa liðið saman í hóp.

Hápunkturinn er síðan að hjóla frá Danmörku til Parísar um 1300 km leið á átta dögum í júlí ár hvert. Það getur tekið á að sitja í hjólahnakknum í um 8 klst. en lengsta dagleiðin er rúmlega 200 km. Góð þjálfun fyrir ferðina er því lykilatriði.

Íslensk fyrirtæki stutt myndarlega við verkefnið

Fjöldmörg fyrirtæki hafa stutt við bakið á verkefninu þessi fimm ár sem íslenskt lið hefur verið starfandi. Árið 2020 söfnuðust rúmlega 25 milljónir en allir styrkir sem safnast hafa hafa farið til Styrktarfélags krabbameinssjúkra barna. Alls hafa safnast rúmlega 75 milljónir frá upphafi en Team Rynkeby er lang stærsti styrktaraðili SKB.



Team Rynkeby hjólar inn á hátíðarsvæði Kótelettunnar. Mynd: Dagskráin/brv.

Viðskiptavinir athugið!

Vegna sumarleyfa verður heimilistækjaverkstæði okkar lokað 14. júlí - 17. ágúst 2021.



www.arvirkinn.is - Eyravegi 32, Selfossi - Sími 480 1160



WWW.VISTVERA.IS

VISTVERA

EYRARVEG 5, SELFÖSS

Nýtt Nýtt Nýtt Nýtt

Pitayaskál



Pitaya bomba

Grunnur: Granóla, jarðaber, bláber, banani, saxaðar döðlur, kókosflögur, hunang, hafrarjóni, zero karmellusósa

1.790 kr.



Pitaya kiwi

Grunnur: Jarðaber, bláber, kiwi, hnetusmjör, karmellu, kókosflögur, hunang, hafrarjóni, zero súkkulaðisósa

1.790 kr.



Pitaya zero

Grunnur: Granóla, jarðaber, bláber, hnetusmjör, karmellu kókosflögur, hunang, hafrarjóni, zero súkkulaðisósa

1.790 kr.



Barnaskál

Grunnur: Jarðaber, bláber, banani, zero súkkulaðisósa

990 kr.



Pitaya banana

Grunnur: jarðaber, bláber, banani, hnetusmjör, súkkulaði dropar, hunang, hafrarjóni, zero karmellusósa

1.790 kr.

Aðeins á
Selfossi

Skalli

Sá svalasti í bænum

Aðeins á
Selfossi



Nemendum fjölga við Landbúnaðarháskóla Íslands

- Heildarnemendafjöldi tvöfaldaðist á síðustu árum
- Allar fagdeildir hafa vaxið
- Fjölgun á öllum námsstigum
- Mestur áhugi á búvísindum í ár

Góð aðsókn er í Landbúnaðarháskóla Íslands næsta haust en alls sóttu yfir 200 framtíðarnemendur um nám á háskólabrautir eða í búfræði, en ekki er tekið inn í garðyrkjunám í ár. Flestar umsóknir bárust í BSc-nám í búvísindum og næstflestar í landslagsarkitektúr.

Áhugavert er að skoða þróun síðustu ára, en heilt yfir hefur nemendafjöldi skólans tvöfaldað á undanförunum árum og á það við um öll námsstig, starfsmenntanám á framhaldsskólastigi, grunnnámið (BSc) og framhaldsnámið (MSc og PhD). Einnig er forvitnilegt að rýna í skiptinguna á milli brauta og hvernig þær hafa þróast, sem sýnir að öll fagsviðin eru í sókn. Haustið 2019 var áhugi nýrra nemenda mestur á skógfræði og náttúru- og umhverfisfræði. Ári síðar haustið 2020 féllu öll met í umsóknafjölda í landslagsarkitektúr og garðyrkju, nánar tiltekið í lífræna ræktun matjurta og ylrækt. Í ár þá svo búvísindin sem heilla mest og rímar það vel við aðstæður í samfélaginu um þessar mundir þar sem áhugaverð og jákvæð umræða er um fæðuöryggi og

landbúnaðarframleiðslu á Íslandi. Mikilvægt er að mennta fólk á því sviði til að takast á við áskoranir framtíðarinnar. Nýlega var lagt fram umræðuskjal um nýja landbúnaðarstefnu og unnið er að fæðuöryggisstefnu sem mun byggja á skýrslu sem Landbúnaðarháskólinn vann fyrir atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneyti á síðasta ári.

Allar fagdeildir skólans eflast

Allar námsbrautir Landbúnaðarháskóla Íslands heyrar undir þrjár fagdeildir sem eru Ræktun & Fæða, Náttúra & Skógur og Skipulag & Hönnun. Það er einkar ánægjulegt að sjá nemendafjöldann aukast á öllum deildum skólans og á undanförunum þremur árum hafa þær skipst á að eiga metaukningu í nemendafjölda.

Fagdeildirnar þrjár og námsbrautirnar þeirra fjalla um þau málafni sem eru hvað mikilvægust í umræðunni í dag og snúa að grundvallarþáttum í samfélagi okkar, en það eru matvælaframleiðsla og fæðuöryggi, þróun landbúnaðar, nýting náttúruauðlinda, skipulagsmál, umhverfis- og loftslagsmál, byggðapróun

og efnahagslífið í heild, með áherslu á sjálfbærni.

Skóli í sókn

Rannsóknatengt framhaldsnám hefur verið að eflast með nýjum samstarfsverkefnum og uppbyggingu innviða. Meistara- og doktorsnemendur hafa aldrei verið fleiri í sögu skólans og styður sú þróun við uppbyggingu þekkingar og almenna starfsemi skólans. Aukinn áhugi á starfs-


menntanami skólans hefur einnig verið vel sýnilegur og greinilegt að áherslur stjórnvalda um eflingu verknáms hafa skilað góðum árangri. Samhliða er unnið að því að styrkja endurmenntun í samvinnu við atvinnulífið og styðja betur við nýsköpun og þróun á landsbyggðinni.

Landbúnaðarháskóli Íslands er skóli í sókn og hefur í samstarfi og með góðum stuðningi stjórnvalda og samkeppnissjóða

lagt aukna áherslu á að bæta innviði til kennslu og rannsókna og efla starfsemina enn frekar með öflugum samstarfi við hagaðila. Sá grunnur sem lagður er mun styðja við nýja landbúnaðarstefnu Íslands til framtíðar.

Nánari upplýsingar veitir Rósa Björk Jónsdóttir, útgáfu- og kynningarstjóri Landbúnaðarháskólans, í síma 843 5378 eða í rosabjork@lbhi.is.


Heildarfjöldi nemenda Lbhí



*Tölur fyrir 2021 eru áætlaðar heildarfjöldi m.v. umsóknartölur 2021

Eldi er talinn með fjölda nemenda í einingabærum námskeiðum á vegum Endurmenntunar Lbhí, Reíðmaðurinn og Grænni skógar.

Nemendafjöldi Lbhí milli ára eftir námsstigi



* Áætlaður fjöldi m.v. umsóknartölur 2021

DAGSKRÁIN

Útgefandi: Prentmet Oddi, Eyraveg 25, 800 Selfoss, sími 482 1944, dfs@dfs.is, www.dfs.is.

Ritstjóri: Gunnar Páll Pálsson, sími 856 0673, gunnar@dfs.is.

Auglýsingadeild: Sími 482 1944, auglysingar@dfs.is.

Dagskráin kemur út á hverjum miðvikudegi. Upplag 8.500 eintök. Allt efni og auglýsingar berist fyrir hádegi á mánudögum.

Dreift ókeypis í allar sýslur austan Hellisheiðar. Dagskráin er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða.

ISSN 1670-407X



Gáta vikunnar

Vísagátur-höf: Ármann Dalmanntson
Útg. Bókautgáfan SKRUDDA

Búkolla er metin jafnt og ég.
Ég er líka á borð við ær.
Sífellt með krónum salt ég veg.
Samkvæmisfólki er ég kær.



Svar við gátu í blaði 2605: **BURÐUR**

1. Áburður - 2. Kola/Pokaburður - 3. Sauðburður - 4. Róg/Útburður



482 1944 selfoss@prentmetoddi.is



Umbúðir



Almenn prentun



Bækur



Límliðar

Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?



N1 Selfossi leitar að kraftmiklum og áreiðanlegum liðsfélögum. Þjónustustöðin okkar er líflegur vinnustaður sem iðar af mannlífi frá morgni til kvölds. Um er að ræða starfsfólk í almenna afgreiðslu.

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

Hæfniskröfur:

- Reglusemi og stundvísi áskilin
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Reynsla af sambærilegum störfum er kostur
- 18 ára eða eldri

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar veitir **Björn Þórarinn Birgisson**, stöðvarstjóri, í síma **482 1005** eða hjá bjornb@n1.is.

Áhugasamir sækja um á www.n1.is – merkt Selfoss.



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

440 1000 n1.is



Vilt þú vinna á líflegum vinnustað?



N1 Hvolsvelli óskar eftir að ráða kraftmikið og þjónustulípur starfsfólk til framtíðar- og sumarstarfa. Þjónustustöðin okkar er fjörugur vinnustaður sem iðar af mannlífi frá morgni til kvölds. Unnið á vöktum.

Einnig vantar okkur starfsfólk til hlutastarfa í eldhúsi.

Helstu verkefni:

- Almenn afgreiðsla
- Þjónusta við viðskiptavinum
- Önnur tilfallandi verkefni á stöðinni

Hæfniskröfur:

- Reglusemi og stundvísi áskilin
- Samskiptafærni og þjónustulund
- Reynsla af sambærilegu starfi er kostur
- 18 ára eða eldri

Umsækjendur þurfa að vera liprir í samskiptum og eiga auðvelt með að vinna í hóp.

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Jenný Björgvinsdóttir**, stöðvarstjóri, í síma **487 8197** eða jennyb@n1.is.

Áhugasamir sækja um á www.n1.is – merkt Hvolsvöllur.



JAFNLAUNAVOTTUN
2020 - 2023

440 1000 n1.is



ÍSLENSKT

LÁTTU ÞAÐ GANGA



Okkar ástkæra,

Freyja Egilsdóttir M.,

sem lést í Danmörku 2. febrúar síðastliðinn
verður jarðsungen frá Selfosskirkju
föstudaginn 16. júlí kl. 14.

Bóthildur E. Hauksdóttir
og fjölskylda



Ástkær móðir okkar, tengda-
móðir, amma og langamma,

Ragnheiður Zóphóníasdóttir
Austurvegi 39, Selfossi,

sem lést 29. júní, verður jarðsungen frá
Selfosskirkju fimmtudaginn 15. júlí kl. 13.
Streymt verður frá athöfninni á
vef Selfosskirkju, www.selfosskirkja.is.

Ingibjörg Stefánsdóttir **Guðjón H. Stefánsson**
Margrét Stefánsdóttir **Gylfi Guðmundsson**
Jóhann Ingvi Stefánsson **Elín K. Guðbrandsdóttir**
Soffía Stefánsdóttir **Reynir Guðjónsson**
barnabörn og barnabarnabörn



Pylsuvagninn á Selfossi
vantar starfsmann eftir
verslunarmannahelgi á dagvaktir

Aðra vikuna kl. 9-16 og hina kl. 10-16.
Á föstudögum er unnið frá kl. 9-14 eða
kl. 15 og aldrei um helgar.

Endilega sendið mér tölvupóst á
simthor@simnet.is eða hringið í mig
í síma 899 3533 (Þórdís).

Hlakka til að heyra í ykkur.

Okkur fannst vanta eitthvað nýtt og ferskt á Selfoss

Fleiri og fleiri skyndibitastað-
ir eru nú farnir að bjóða upp
á hollari valkosti, en í vikunni
bættist Skalli á Selfossi í þann
hóp þegar þeir byrjuðu að selja
hollustuskálar. Skálarnar eru í
grunninn gerðar úr Pitaya-dreka-
ávestinum, sem síðan er hægt að
bæta ofan á allskonar hráefni.

„Okkur fannst vanta fleiri
holla valkosti á Selfossi. Skál-
arnar okkar eru í grunninn
mjólkurlausar og vegan, þann-
ig að þær eru góður kostur
fyrir þá sem borða ekki dýraaf-
urðir. Einnig leggjum við mikla
áherslu og hraða afgreiðslu,“
segir Katrín Lóa, verslunarstjóri
Skalla.

Katrín segist ekki hafa
áhyggjur af samkeppninni, þar
sem flestir af samkeppnisaðil-
unum þeirra eru að vinna með



Katrín Lóa, verslunarstjóri Skalla á Selfossi. Mynd: Dagskráin/bv

mjólkurvörur, en skálarnar
þeirra eru með kókosmjólk og
því alveg mjólkurlausar.

Í lokin segir Katrín að skál-
arnar þeirra séu léttari og fersk-
ari en fyrir finnst. -bv

Öldungaráð Árborgar fékk góðar undirtektir

Áðalfundi Félags eldri
Árborgara á Selfossi þann 3.
júní síðastliðinn var samþykkt
ályktun um öldungaráð sem
boðsent var til bæjarstjóra næsta
dag. Ályktunin var tekin fyrir
í bæjarráði Árborgar 10. júní
síðastliðinn og hlaut jákvæðar
undirtektir. Fulltrúi FEB á Sel-
fossi í Öldungaráði Árborgar er
Guðrún Þóranna Jónsdóttir sem
hefur lagt sig mjög fram um að
ráðið komi reglulega saman sem
er mjög brýnt vegna mikilvægi
ráðsins í málefnum aldraðra.
Árið 2018 var lögum um mál-
efni aldraðra breytt þannig að
hugtakinu „þjónustuhópur aldr-
aðra“ var breytt í „öldungaráð“.
Sveitarfélag landsins eru mis-
jafnlega stödd í virkni öldunga-
ráðs. Með stofnun öldungaráðs
er eldra fólk komið með rödd
til að koma málefnum sínum á
framfæri við sveitarstjórnir eins
og lög mæla fyrir um. Ályktun
aðalfundar FEB á Selfossi er
hvatning og áminning til sveit-
arstjórnarmanna í Árborg um að



koma ráðinu í eðlilega virkni hið
fyrsta.

Meðfylgjandi er ályktun
aðalfundar FEB á Selfossi og
bókun bæjarráðs Árborgar.

Ályktun: „Minnt er á það
mikilvæga hlutverk ráðsins
sem tilgreint er í lögum um fé-
lagsþjónustu sveitarfélaga nr.
40/1991 og í lögum um mál-
efni aldraðra nr. 125/1999 með
áorðnum breytingum með
lögum nr. 37/2018. Öldungaráð
skal fylgjast með heilsufari og
félagslegri velferð aldraðra og
samhæfa þjónustu. Það á að

gera tillögur til sveitarstjórna
um öldrunarþjónustu. Það skal
leitast við að tryggja að aldraðir
fái þjónustu sem þeir þarfnast og
kynna öldruðum þá kosti sem í
boði eru.

Af þessum skyldum er ljóst
að virkja þarf öldungaráð strax
til þeirra verka sem því er ætlað.
Setja þarf ráðinu erindisbréf
og kalla það saman eins oft og
þurfa þykir að lágmarki fjórum
sinnum á ári. Engan veginn má
gefa afslátt af því tækifæri sem
eldra fólk er gefið til að eiga
rödd og hafa áhrif á skipulag og
stefnumótun í málefnum aldr-
aðra í Árborg.“

Bókun: „Bæjarráð þakkar
góð orð og þá hvatningu
sem felst í ályktun Félags
eldri borgara á Selfossi. Bæjarráð
tekur undir ályktun Félags eldri
borgara um eflingu starfsemi
Öldungaráðs Árborgar.“

Stjórn FEB á Selfossi,
Þorgrímur Óli Sigurðsson,
formaður

Nína myndhöggvari í Fljótshlíð

Hrafnhildur Schram listfræð-
ingur ræðir um Nínu Sæ-
mundsson myndhöggvara (1892-
1965) að Kvoslæk í Fljótshlíð
laugardaginn 17. júlí kl. 15.00.

Nína fæddist í Nikulásar-
húsum, skammt austan við
Hlíðarenda í Fljótshlíð. Þar er
nú Nínulundur til minningar um
hana, fyrstu íslensku konuna sem
helgaði sig höggmyndalist.

Á liðnum vetri veitti ríkis-
stjórn Íslands félaginu Afreks-
hugur fjórar milljónir króna í
styrk til að láta gera afsteypu af
verki Nínu, *Afrekshugur*, Spi-
rit of Achievement, táknmynd
Waldorf Astoria hótelsins í New
York síðan 1931. Verður afsteyp-
an reist á Hvolsvelli.



Hrafnhildur Schram ritaði
ævisögu Nínu sem *Crymogea*
gaf út árið 2015.



Samtök sunnlenskra sveitar-
félaga styður Gleðistundirnar í
Hlíðunni að Kvoslæk.

Opnun HÚM stúdíós á Selfossi

Við vinkonurnar ákváðum fyrir ekki svo löngu að láta drauma okkar rætast og opna saman stúdíó á Selfossi. Stað þar sem við værum með vinnu-aðstöðu í bland við söluvinnu. Við fundum heppilegt húsnæði og við tóku tvær vikur frá því að við fengum húsnæðið afhent þar til við höldum opnunarteiti í gær. Stúdíóið er á 2. hæð að Austurvegi 9.

Í rýminu var áður saumastofa en það voru rifnir niður veggir, múrað, slípað, sparslað og þússað auk þess sem veggir og gólf voru máluð.

Skemmtilegt er að geta sagt frá því að við gerðum nánast allt sjálfar. Nú erum við komnar með glæsilegt rými sem verður gaman að skapa í.

Við erum þrjár eins og er, Hanna Siv Bjarnardóttir, ljósmyndari en hún er með stúdíoaðstöðu á staðnum, auk þess sem hún selur ljósmyndaverk.

Eyrún Guðmundsdóttir, Bowen-tæknir, hægt er að panta tíma hjá henni en einnig er hún húsgagnasmiður og er að þróa spennandi vörur. Dúdda (Kristrún Helga Marínósdóttir) selur ullarverk. Verk tveggja listakvenna eru í sölu hjá okkur. Teikningar eftir Eddu Linn Rise og blómaplattar eftir Steinunni Birnu Guðjónsdóttur.

Enn er möguleiki á að leigja sér aðstöðu hjá okkur og/eða koma vörum í umboðssölu. Þetta er frábært tækifæri fyrir konur sem eru að koma sér á framfæri að geta stutt við hvora aðra í fyrstu skrefunum í rekstri.

Opnunartímar: Þegar skiltið er úti er opið! Fastir opnunartímar eru fim. kl. 12-18, fös. kl. 12-18. og lau. 11-16 og svo skv. samkomulagi.

Þið finnið okkur á Facebook undir: HÚM stúdíó og á instagram undir hum_studio_selfoss.



Ljósmyndasýning opnar á miðbæjartúninu á Hvolsvelli

Ljósmyndahópurinn 860+ hefur sett upp sína árlegu ljósmyndasýningu á miðbæjartúninu á Hvolsvelli.

860+ er félagsskapur Ljósmyndara í Rangárþingi eystra og nágrenni. Í félagsskapnum eru áhugamenn á öllum stigum og menntaðir ljósmyndarar.

Á sýningunni í ár má sjá ljósmyndir eftir 18 ljósmyndara.



Mynd: Rangárþing eystra

ÚTBOÐ

Þjónusta iðnaðarfólks

Sveitarfélagið Árborg óskar eftir tilboðum í verkið Þjónusta iðnaðarfólks í Árborg í samræmi við útboðsgögn.

Um er að ræða rannasamningsútboð þar sem leitað er tilboða í þjónustu iðnaðarfólks sem koma til með að taka að sér einstök verkefni í heild eða að vinna í verkefnum með starfsfólki Árborgar. Útboði er skipt upp í átta mismunandi flokka.

Útboðsgögn verða afhend í útboðskerfinu Ajour þar sem bjóðendur geta sótt gögn frá og með 30. júní 2021. Bjóðendur skrá sig inn á vef og hlaða niður gögnum.

Frestur til að skila inn tilboðum er 16. 08. 2021 kl. 13:00.

<https://arborg.ajoursystem.is/Tender/DirectLink/42aeb363-0610-4ead-a581-42f02284928d>
Notkunarleiðbeiningar um kerfið má sjá hér: <https://help.ajoursystem.com/astopic/tender/>

Tilboði skal skila rafrænt í útboðskerfinu Ajour. Tilboð skulu sett fram með þeim hætti sem sett er fram í útboðskerfinu og í samræmi við skilmála útboðs og hlaða upp þeim skráum sem gerð er krafa um. Bjóðandi fær staðfestingarpóst þegar hann hefur skilað tilboði. Ef enginn póstur berst, hefur afhending ekki tekist. Bjóðendur skulu í þeim tilfellum leita til Ajour þjónustuaðila án tafar. Bjóðandi ber ábyrgð á að tilboð berist á réttum tíma og eru hvattir til að hefja tímanlega vinnu við að skila þeim inn.

LÁTTU FAGFÓLK SELJA ÞÍNA EIGN



Guðný Guðmundsdóttir
Löggiltur Fasteignasali
guðny@domusnova.is

Sími: 821-6610

Sverrir Sigurjónsson
Hdl.
Löggiltur Fasteignasali
sverrir@domusnova.is
Sími: 662 4422

Haukur Páll Ægisson
Aðstoðarm. fasteignasala,
í löggildingarnámi
hp@domusnova.is
Sími: 772 9970

DOMUSNOVA
Fasteignasala

AUSTURVEGI 6 SELFOSSI - SÍMI 527 1717 - WWW.DOMUSNOVA.IS

Aðstoðarmaður byggingarfulltrúa



Rangárþing eystra auglýsir laust til umsóknar starf aðstoðarmanns byggingarfulltrúa hjá embætti skipulags- og byggingarfulltrúa Rangárþings eystra. Aðstoðarmaður starfar með byggingarfulltrúa við alla almenna meðferð byggingarmála samkvæmt lögum um mannvirki svo sem við móttöku og yfirferð séruppráttar, úttektir, samskipti við umsækjendur, hönnuði, stofnanir og fleira. Um er að ræða 100% starf. Leitað er að öflugum einstaklingi sem er tilbúinn til þess að takast á við fjölbreytt og krefjandi starf. Rangárþing eystra hvetur jafnt konur sem karla til að sækja um starfið. Ráðið er í stöðuna frá og með 1. september 2021.

Helstu verkefni:

- Úttektir og eftirlit með byggingum og framkvæmdum
- Yfirferð sérteikninga
- Skráning mannvirkja, fasteigna og landeigna í skráningarforriti Þjóðskrár
- Umsagnir vegna rekstrar- og starfsleyfa
- Skráningar í Mannvirkjagátt
- Samskipti við hönnuði, byggingaraðila, stofnanir og íbúa
- Ýmis önnur tilfallandi verkefni

Menntun, reynslu- og hæfniskröfur:

- B.S/M.s próf svo sem í verkfræði, tæknifræði, byggingarfræði, arkitektúr
- Meistararéttindi í iðngrein æskileg
- Reynsla á sviði byggingarmála skilyrði
- Þekking á teikniforritinu Autocad eða sambærilegum forritum æskileg
- Þekking á lagaumhverfi málaflokksins æskileg
- Góð almenn tölvukunnátta skilyrði
- Þjónustulund og hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður til að ná árangri
- Skipulagshæfileikar og nákvæm vinnubrögð
- Góð færni til að tjá sig í ræðu og riti
- Jákvæðni í starfi og sjálfstæði í vinnubrögðum ásamt því að eiga auðvelt með að vinna í hóp

Nánari upplýsingar um starfið veitir Guðmundur Úlfar Gíslason, skipulags- og byggingarfulltrúi á netfanginu ulfar@hvolsvollur.is.

Laun og starfskjör eru samkvæmt kjarasamningum viðkomandi stéttarfélag og Sambands íslenskra sveitarfélaga.

Umsóknum skal fylgja starfsferilskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið. Umsóknir skulu sendar á netfangið ulfar@hvolsvollur.is.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Umsóknarfrestur er til og með 8. ágúst 2021.

Bjartur

Uppskrift vikunnar er krakkapeysa sem hentar vel bæði úti og inni. Garnið er Luna, yndisleg endurunninn ull frá Permin sem fæst í fjölda fállegra lita. Peysan er létt og þjál og hentar jafnt drengjum sem stúlkum. Hún er þrónuð frá hálsmáli og niður, sem er þægilegt ef maður vill mæta reglulega og kanna hvort sídd og vídd sé eins og best verði á kosið.

Stærðir: 8-10-12 ára

Efni: 4-4-4 dk Luna, endurunninn ull. 60 sm þróunar no 3,0 og 4,0, ermaprójár no 4,0, sokkaprójár no 3,0. Prónamerki, þróanætur.

Mynstur:

Þrónað er tvöfalt perluprójár, þ.e. 2 sl, 2 br, tvær umferðir og svo 2 br, 2 sl, tvær umferðir. Alls eru þrónaðar 19 umferðir af tvöföldu perluprójár þannig að endað er á stakri umferð. Þrónað næst 1 umf sl, 1 umf br, 1 umf sl, 1 umf br. Endurtakið þessar 23 umferðir og byrjið á 2 umferðum eins. Athugið að láta sléttar og bragnar lykkjur standast á í fyrstu umferð eftir garðana, þannig að sléttar lykkjur komi þar sem sléttar voru í stöku umferðinni fyrir ofan garðana.

Uppskrift:

Peysan er þrónuð frá hálsmáli og niður. Fitjið upp 80-84-88 l á þróna no 3,0, tengið í hring og þrónið stroff, 2 sl, 2 br alls 12 umferðir. Skiptið yfir á þróna no 4,0 og þrónið eina umferð slétta og aukið um 8 l jafnt yfir umferðina (88-92-96 l á þróninum). Setjið þrónamerki við upphaf umferðar, eitt eftir 14-14-16 l, eitt eftir 30-32-32 l og loks eitt eftir 14-14-16 l. Þrónið nú samkvæmt mynstri, en síðasta lykkja framan við þrónamerki og fyrsta aftan við eru alltaf þrónaðar sléttar. Útaukningar eru gerðar í annarri hverri umferð, framan við sléttu lykkjurnar við þrónamerkin. Athugið að þegar útaukning er gerð er bandið milli lykknanna tekið upp og því snúið til hægri framan við þrónamerkið en til vinstri aftan við það.



Þrónið þannig þar til alls eru 248-268-288 l á þróninum. Í næstu umferð eru ermalykkjur settar á nælu, takið aðra sléttu lykkjuna með á næluna beggja megin (alls 56-60-66 l á nælunni) fitjið upp 6 nýjar lykkjur í ermagapið og gerið eins hinum megin. Þrónið áfram í hring og haldið mynstur-þróninu þar til peysan mælist frá hálsmáli 43-46-48 sm þrónið þá eina umferð slétta, skiptið yfir á þróno no 3,0 og þrónið stroff, 2 sl, 2 br, alls 12-14-14 umferðir. Fellið af. Færið ermalykkjurnar yfir á þróno no 4,0 og takið upp 6 l við samskeytin við bolinn (alls 62-66-72 l á þróni). Setjið merki við miðju samskeytanna. Þrónið áfram skv mynstri, en í 7-8-9 hverri umferð eru 2 l þrónaðar saman þegar 3 l eru eftir af umferðinni og aftur eftir fyrstu l umferðar. Athugið að halla úrtökunum hvorri í sína áttina, þannig verður áferðin fállegri.

Haldið úrtökum áfram þar til 46-48-52 l eru á þróninum. Þrónið þar til ermi mælist 31-33-36 sm frá handvegi. Þrónið eina umferð slétta og fækkið jafnt yfir þróninum 6-8-8 l (alls 40-40-44 l á þróni). Þrónið stroff 2 sl, 2 br, alls 9-10-10 umferðir. Fellið af. Gangið frá endum, skolið úr mildu sápuvatni.

Uppskrift Þóra Þórarinsdóttir



Hannyrðabúðin

Eyravegi 23, Selfossi // 555-1314



Langflestir greiða reikninga á réttum tíma

Þrátt fyrir óvissu vegna Covid og efnahagslegra áhrifa heimsfaraldursins eru Hvergerðingar skilvísari greiðendur gjalda en nokkru sinni fyrir.

Aldrei hafa færri greiðendur fengið innheimtuviðvörðun en árið 2020 og aldrei áður hafa jafn fá mál ratað í löginheimtu. Þannig spara bæjarbúar sér þó nokkrar upphæðir því dráttarvextir og kostnaður vegna ógreiddra reikninga safnast saman og getur orðið að háum fjárhæðum séu reikningar ekki greiddir á eindaga.

Það er innheimtufyrirtækið Motus sem sér um milliinnheimtu fyrir Hvergerðisbæ. Á fundi þeirra

nýverið með forsvarsmönnum Hveragerðisbæjar kom fram að yfir 81,7% af kröfum bæjarbúa eru greiddar fyrir eindaga og nærri því allir eða 98,4% greiðenda borga reikninga sína innan við 60 dögum eftir eindaga. Kostnaður bæjarbúa vegna ógreiddra reikninga er því minni árið 2020 heldur en 2019 og er það í andstöðu við flestar spár sem í ljósi heimsfaraldurs gerðu ráð fyrir meiri vanskilum en áður.

Innheimtuhlutfall Hvergerðinga hefur farið batnandi undanfarin ár og standa Hvergerðingar nú jafnfætis öðrum hvað það varðar eftir að hafa verið örlitlir eftirbátar annarra hvað skilvísí varðar á undanföllum árum.



Það er ljóst að almennt eru það færri og færri sem greiða reikninga sína of seint og hafa flestir uppgötvað að með því að greiða reikninga á réttum tíma má spara sér þó nokkrar fjárhæðir og ættu auðvitað allir að vilja vera í þeim hópi.

Stefnumót við Múlatorg

17. júlí kl. 11-17



Sumarhátíð Sumarhússins og garðsins laugardaginn 17. júlí 2021 frá kl. 11 til 17 að Fossheiði 1 á Selfossi.

Njótum dagsins með Sumarhúsinu og garðinum í blómaangan og vellíðan.

Upplýsingar um markaðssvæðið fyrir söluaðila: Sími 824 0056 / audur@rit.is

Sumarhúsið og garðurinn | Fossheiði 1, Selfossi | www.rit.is | Fésbókarsíða: Sumarhúsið og garðurinn | S. 824 0056

Dagskrá

Frumflutningur söngvaskálds og tóngjörningur: Hin einstaka Unnur Malín Sigurðardóttir söngvaskáld og tónlistarmaður flytur frumsamin lög og tóngjörning eins og henni er einni lagið.

Þjóðlagatónlist: Linus Orri Gunnarsson Cederborg fjöltónlistarmaður skemmtir með söng og hljóðfæraleik.

Skoskir Þjóðdansar: Josie Anne Þjóðdanskennari kennir sporin í skoskum Þjóðdansi.

Svo er aldrei að vita nema þau Linus Orri, Unnur Malín og Josie bregði á leik saman.

Fræðsla: Auk tónlistar verður á sumarhátíðinni boðið upp á fræðslu um garðyrkju, ýmskonar handverk o.fl.

Líflegur götumarkaður: Einstakur og fjölbreyttur markaður þar sem listafólk og handverksfólk selur og kynnir vörur sínar. Veitingasala, skottisala og fjölbreyttar vörur fyrir garð- og sumarhúsaeygendur.

Deildarstjóri óskast í leikskólann Álfaborg, Reykholti



LEIKSKÓLINN
ÁLFABORG



Leikskólinn Álfaborg auglýsir eftir metnaðarfullum deildarstjóra í 100% stöðu.

Leikskólinn Álfaborg er þriggja deilda leikskóli sem starfar í anda Reggio Emilia og er staðsettur í Reykholti, Biskupstungum. Nýtt og skemmtilegt húsnæði leikskólans var tekið í notkun í október 2019. Í leikskólanum starfar metnaðarfullt starfsfólk og mikil áhersla er lögð á góðan starfsanda og vellíðan barna. Auk þess er mikil og góð samvinna á milli leikskólans og grunnskólans Bláskógaskóla í Reykholti.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi Sambands ísl. sveitarfélaga og Félags leikskólakennara. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf í byrjun ágúst 2021.

Starfsvið:

- Starfar samkvæmt lögum og reglugerð um leikskóla, öðrum lögum er við eiga, aðalnámskrá leikskóla og stefnu viðkomandi sveitarfélags
- Ber ábyrgð á stjórnun, skipulagningu, framkvæmd og mati á starfsemi deildarinnar
- Vinnur að uppeldi og menntun barna
- Vinnur að faglegu starfi og samvinnu innan skólans
- Foreldrasamstarf

Menntunar- og hæfnikröfur:

- Leikskólakennaramenntun
- Góð íslenskukunnátta
- Sjálfstæði, frumkvæði og góð samskiptahæfni
- Jákvætt viðhorf og sveigjanleiki í starfi
- Ánægja af því að starfa með börnum
- Reynsla af deildarstjórn æskileg

Fáist ekki leikskólakennari til starfsins er heimilt að ráða annan í stöðuna. Starfið hentar öllum kynjum. Nánari upplýsingar um starfið veitir Lieselot Simoen, leikskólastjóri í síma 480 3051. Umsóknir sendast á lieselot@alfaborgleikskoli.is.

Umsóknarfrestur er til og með 2. ágúst 2021.



Íþróttir

Súrsætt stig á heimavelli

KNATTSPYRNA Selfyssingar léku tvo leiki í Lengjudeildinni í seinustu viku. Í fyrri leiknum þurftu þeir að setta sig við eitt stig þegar liðið mætti Þór frá Akureyri á heimavelli. Seinni leikurinn gegn Fjölni tapaðist 2-1 í Grafarvogi.

Það var lítið búið af leiknum gegn Þór þegar gestirnir tóku forystuna, staðan orðin 0-1 eftir einungis tæpar átta mínútur. Eftir það tóku Selfyssingar völdin á vellinum og sóttu linnulaust að marki Þórs en vörn gestanna stóð storminn af sér. 0-1 í hálfleik.

Yfirburðir Selfyssinga héldu áfram inn í síðari hálfleikinn en það var ekki fyrr en á 75. mínútu sem varamaðurinn Valdimar Jóhannsson jafnaði fyrir Selfyssinga. Markið kom eftir hálfgerð klafs í teig gestanna en frábærga gert hjá Valdimar. Síðustu mínúturnar fengu bæði liðin færi til að skora sigurmarkið en hvorugu liðinu tókst ætlunarverkið.

Gegn Fjölni byrjaði Selfoss af krafti en fékk tvö mörk í andlitið á fyrstu tuttugu mínútum leiksins. Staðan var 2-0 í hálfleik. Strákarnir okkar hressust



Valdimar tryggði Selfyssingum stig á heimavelli.
Ljósmynd: Fótibolti.net/Haflíði Breiðfjörð

í seinni hálfleik og Gary Martin minnkaði muninn á 57. mínútu en þar við sat í leiknum og lokatölur 2-1.

Fjölnir lyfti sér upp í 4. sæti deildarinnar með sigrinum en Selfoss situr áfram í 10. sæti með 9 stig.

Eftir leikinn sitja Selfyssingar í 10. sæti deildarinnar með níu stig þegar keppni í Lengjudeildinni er hálfnuð. Næsti leikur liðsins er á heimavelli gegn Kórðrengjunum á morgun, fimmtudag klukkan 19:15.
-Umf. Selfoss/ahm

Tap í toppbaráttunni

KNATTSPYRNA Selfoss tapaði dýrmætum stigum í toppbaráttu Pepsi Max deildarinnar þegar topplið Vals kom í heim sókn á JÁVERK-völlinn í seinustu viku.

Markalaust var í hálfleik en Valur komst yfir strax í upphafi síðari hálfleiks. Fimm mínútum síðar jafnaði Hólmfríður Magnúsdóttir metin með stórkostlegu marki. Valskonur voru sterkari þegar leið á leikinn og skoruðu sigurmarkið á 77. mínútu. Lokatölur 1-2.

Selfyssingar hafa aðeins náð í tvö stig í síðustu fimm leikjum eftir frábæra byrjun. Liðið er með 14 stig í þriðja sæti sex stigum frá toppsætinu. Liðið tók í gær á móti Keflavík en næsti leikur liðsins er föstudaginn 20. júlí þegar liðið tekur á móti Þór/KA á JÁVERK-vellinum klukkan 18:00.

-Umf. Selfoss



Hólmfríður skoraði mark Selfyssinga. Ljósmynd: Fótibolti.net/Anna Þonn

JÁVERK-VÖLLURINN **LENGJU DEILDIN**

UMF SELFLOSS 1936

FIMMTUDAGINN 15.07 KL. 19:15

SELFLOSSFOTBOLTI

JÁVERK-VÖLLURINN **PEPSI MAX DEILDIN**

UMF SELFLOSS 1936

ÞRIÐJUDAGINN 20.07 KL. 18:00

SELFLOSSFOTBOLTI

LEIKMENN MÁNAÐARINS Júlí 2021

Svanhildur Edda Rúnarsdóttir
Leikmaður 5. flokks kvenna

Ingimar Bjartur Jóhannsson
Leikmaður 6. flokks karla



Gleðin við völd á Síamótinu
Glæðin leyndi sér ekki hjá þátttakendum Selfoss á Síamótinu sem fram fór í Kópavogi um helgina. Á þessari skemmtilegu mynd sem foreldrar sendu okkur eru stelpurnar í 5. flokki í liðinu sem var kennt við Áslaugu Dóru leikmann meistaraflokks Selfoss. Mynd frá foreldrum Umf. Selfoss.

Vel heppnaðar frjálsíþróttasumarbúðir á Selfossi

FRJÁLSAR Frjálsíþróttasumarbúðir FRÍ voru haldnar á Selfossi dagana 27. júní - 1. júlí. Metþátttaka var þetta árið en rúmlega 60 börn á aldrinum 11 - 15 ára komu í sumarbúðirnar. Sumarbúðirnar heppnuðust mjög vel og fóru krakkarnir ánægðir heim. Börnin komu víða að í ár eða af öllu Suðurlandi, alls staðar af höfuðborgarsvæðinu, Patreksfirði, Hólmarvík, Eyjafirðinum og Búðardal. Það var sérstaklega gaman hve mörg börn voru að prófa frjálsar í fyrsta skipti í sumarbúðunum.

Markmið sumarbúðanna er að kynna og breiða út frjálsíþróttir á Íslandi. Dagskráin var mjög fjölbreytt, til að mynda voru kvöldvörur, leikir, sundferðir, bíóferð í Bíóhúsið og fleira í bland við æfingar. Eurovisionfarinn og Gagnamagnsmeðlimurinn Stefán Hannesson spjallaði og svaraði spurningum barnanna. Einnig fræddu frjálsíþróttahjónin Kristín Birna Ólafsdóttir og Mark Johnson okkur um tækifærin og þær upplifanir sem íþróttin hefur fært þeim í lífinu.

Sumarbúðirnar fóru fram við frábærar aðstæður þar sem stutt er í alla aðstöðu, til að mynda gistiaðstöðuna í Vallaskóla, frjálsíþróttavöllinn, íþróttahúsin og sundlaugin. Við viljum þakka Sveitarfélaginu Árborg

og Umf. Selfoss fyrir veitta velvild í garð búðanna.

Sumarbúðirnar gegna mikilvægu hlutverki í að opna augu ungmenna fyrir ágæti íþróttaiðkunar og styðja fjölmargar rannsóknir þá fullyrðingu að ungmenni sem stunda íþróttir leiðast síður út í óreglu síðar á lífsleiðinni. Síðast en ekki síst öðlast ungmenninn tækifæri til að kynna hvert öðru og mynda tengslanet og auka hæfni sína í mannlegum samskiptum.

Sumarbúðunum lauk með velheppnuðu frjálsíþróttamóti á fimmtudeginum þar sem persónulegir sigrar náðust og margar bætingar litu dagsins ljós. Eftir mótið var haldin grillveisla og fengu krakkarnir viðurkenningsgjöld fyrir þátttöku í skólanum. Krakkarnir kvöddust sátt og sæl eftir skemmtilega viku.

Frjálsíþróttabúðirnar vilja þakka öllum þeim fjölda fyrir-tækja sem lögðu þeim lið, sá stuðningur er ómetanlegur, en þau voru: MS, Nettó, Sölufélag garðyrkjubænda, Kjúklingabúið Vor, Fiskverslun Suðurlands, Sláturfélag Suðurlands, Almar bakari, GK bakari, Myllan, Kjörir og Kökugerð HP.

Takk fyrir okkur.
Ágústa og Fjóla Signý,
yfirusjónarmenn

Frjálsíþróttasumarbúðanna á
HSK-svæðinu.



„Nú er lag á Borg“

Hin árlega harmonikuhátíð FHUR verður haldin á Borg í Grímsnesi um verslunarmannahelgina 30. júlí - 2. ágúst

Alíslenskir tónleikar í Félagsheimilinu á Borg klukkan 14:00 á laugardag.

Glæsileg dagskrá alla helgina, dansleikir þrjú kvöld, harmonikusólukynning EG tóna og ýmislegt fleira.

Látið ykkur ekki vanta á eina harmonikumótið á Suðurlandi í ár.

Félag harmonikuunnenda í Reykjavík
Símar 894 2322, 696 6422, 864 8539



Fjölmennum og tókum með okkur góða gesti og gott skap



Stefnumót við Múlatorg Sumarhátíð Sumarhússins og garðsins

Hin árlega sumarhátíð Sumarhússins og garðsins, Stefnumót við Múlatorg verður haldin næstkomandi laugardag, 17. júlí frá kl. 11-17. Hátíðin er sannkölulluð veisla fyrir fagurkera, unnendur fallegrar tónlistar og garðáhugafólks. Hún hefur verið árlegur viðburður frá árinu 2006 að Fossheiði 1 á Selfossi og hefur laðað að sér fjölda gesta enda er stemning einstök. Auður I. Ottesen ritstjóri Sumarhússins og garðsins stendur að hátíðinni og er við heyrðum í henni þá var hún önnur kafinn við að undirbúa hátíðina. „Við höfum verið himinlifandi með móttökurnar á sumarhátíðinni okkar undanfarin ár, hún hefur ætíð verið vel sótt. Við bjóðum til hátíðar fyrir viðskiptavinum okkar, heimamenn og þjóðina alla. Margir gera sér ferð frá höfuðborgarsvæðinu og víðar af landinu, árlega kemur hópur áskrifenda að norðan til að upplifa daginn með okkur.“ Á stefnumótið er boðið upp á lifandi tónlist, allra handa fræðslu og upplifun. „Tónlistaratriðið er alveg stór-

skemmtileg í ár. Unnur Malín Sigurðardóttir söngvaskáld og tónlistarmaður og Linus Orri Gunnarsson Cederborg fjölsónlistarmaður skemmta með söng og hljóðfæraleik. Unnur Malín leikur frumsamin lög og flytur tóngjörming sem spunninn er á staðnum. Linus Orri er fjöllistamaður sem leikur á fjölda hljóðfæra, sum þeirra hefur hann búið til sjálfur. Hann syngur bæði íslensk og erlend þjóðlög á hátíðinni. Með Linusi verður Josie Anne þjóðlagadanskennari sem kennir sporin í skoskum þjóðdansi. Svo er aldrei að vita nema þau öll bregði á leik saman.“ Auk tónlistar verður á sumarhátíðinni boðið upp á fræðslu um garðyrkju, skógrækt og ýmiskonar handverk. „Á okkar vegum verða fagmenn í garðyrkju, skógrækt og handverksmenn sem fræða gesti.“

Suðrænn og líflegur markaður

Á hátíðinni er líflegur markaðurinn sem minnir á suðræna götmarkaði. „Markaðurinn verður æðislegur og mjög fjölbreyttur

í ár. Við erum í góðri samvinnu við sveitarfélagið Árborg og fáum að láni söluskúra hjá þeim og setjum upp markaðstjöld fyrir sölufólkið. Við bjóðum handverksfólki og listafólki að selja og kynna vörur sínar. Einnig þeim sem stuðla að endurnýtingu að selja notað og fyrirtækjum með vöru fyrir garð- og sumarhúsaeigendur. Við bjóðum upp á mismunandi stærðir af sölusvæði. Sýnendum bjóðum við í morgunkaffi svo þeir fái tækifæri til að kynna og takast á við daginn fullir orku.“

Auður segist eiga von á miklum fjölda fólks sem koma til að upplifa markaðsstemninguna, tónlistina, fræðslu og umfram allt vellíðan í fallegu umhverfi með skemmtilegu fólki. „Ég vil nota tækifærið að benda þeim sem hafa áhuga á að selja handverk, listmuni, úr skottinu eða gróður- og sumarhúsavörur að hafa samband,“ segir hún að lokum. Sumarhátíð Sumarhússins og garðsins. - Stefnumót við Múlatorg er frábær viðbót við menningarlífið á Selfossi.

Blíðskaparveður á Kótelettunni

Kótelettan, grill- og tónlistarhátíð, var haldin í 11. skipti um helgina, í blíðskaparveðri á Selfossi.

Hátíðin var mjög vel sótt og leyndi það sér ekki að heimamenn og aðrir

gestir skemmtu sér konunglega. Langar raðir mynduðust hjá grillurunum, sem sáu um að koma gómsætu kjötmeti í hátíðargestina. En þar sáu stjórnálamenn meðal annars um að grilla kótelettur til

styrktar Styrktarfélagi krabbameins-sjúkra barna. Einnig var fjölmennt í leiktækin á svæðinu og mátti sjá gleðina skína úr andlitum barnanna. Þétt var setið á barnasýningunni á sviðinu og stóðu

BMX-bræður einnig fyrir sínu með stórkostlegri hjólasýningu.

Myndasýrðun frá ljósmyndara Dag-skrárinnar má finna í heild sinni á fréttavefnum DFS.is.



AUGLÝSING UM SKIPULAGSMÁL

Ásahreppur, Bláskógabyggð, Flóahreppur, Grímsnes- og Grafningshreppur, Hrunamannahreppur og Skeiða- og Gnúpverjahreppur



Svæðisskipulag

1. Samkvæmt 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 er kynnt lýsing svæðisskipulags fyrir suðrhálendið.
Svæðisskipulagsnefnd um svæðisskipulag Suðrhálendis vinnur nú að gerð nýs svæðisskipulags fyrir Suðrhálendið sem nær til eftirtalinna sveitarfélaga: Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ásahreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, og Grímsnes- og Grafningshreppur. Auk þessara taka sveitarfélögin Flóahreppur og Árborg þátt í verkefninu. Í samræmi við 23. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 skal samvinnunefnd sem vinnur að gerð nýs svæðisskipulags „... taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem gerð er grein fyrir hvaða áherslur nefndin hefur við gerð skipulagsins, forsendum þess og fyrirliggjandi stefnu og hvernig kynningu verði háttáð gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum". Skipulagslýsing þessi ásamt fylgigögnum liggur nú fyrir og geta þeir sem áhuga hafa á kynnt sér hana á heimsíðu verkefnisins, www.sass.is/sudurhalendi. Þeir sem vilja koma með ábendingar eða athugasemdir um fyrirliggjandi gögn eða efni skipulagslýsingar geta skilað þeim til svæðisskipulagsnefndar á netfangið sudurhalendi@sass.is. Auglýsing vegna lýsingar var birt á heimasíðu SASS þann 2. júlí 2021. Frestur til athugasemda er gefinn til og með 15. ágúst nk.

Aðalskipulagsmál

Samkvæmt 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur aðalskipulagsbreytinga og skipulagslýsinga eftirfarandi skipulagsáætlanar:

- 2. Skollagróf, L166828 – Efnistaka – Aðalskipulagsbreyting**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 24. júní 2021 að kynna tillögu að breytingu á aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027. Í breytingunni felst að landbúnaðarland á lóð Eyjarlands er breytt í iðnaðarsvæði til samræmis við núverandi notkun lóðarinnar. Á lóðinni er starfrækt seiðældisstöð með framleiðslugetu fyrir um 20 tonn af seiðum.
- 3. Skálholt L167166 – Aðalskipulagsbreyting – Úr landbúnaðarsvæði í skógræktarsvæði**
Sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkti á fundum sínum þann 6. maí 2021 að kynna skipulagslýsingu vegna breytinga á aðalskipulagi sveitarfélagsins að Skálholti. Í breytingunni felst breytt landnotkun á landbúnaðarlandi í skógrækt innan jarðarinnar.
- 4. Endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps**
Sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkti á fundum sínum þann 7. júlí 2021 að auglýsa til kynningar heildar endurskoðun aðalskipulags Grímsnes- og Grafningshrepps 2020-2032. Framlögð gögn til kynningar er greinargerð aðalskipulags, forsendu- og umhverfisskýrsla, sveitarfélagsuppráttur, uppráttur af Grímsnesafrétti og þéttbýlisuppráttir ásamt skýringauppráttum sem taka til vega í náttúru Íslands, flokkun landbúnaðarlands, vistgerðarkorta, verndarsvæða og minja. Kynningargögn má nálgast rafrænt á meðfylgjandi hlekk og á heimasíðu UTU og sveitarfélagsins.

Samkvæmt 40. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru kynntar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlanar:

- 5. Hamar land 2, 212450 – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundum sínum þann 6. júlí 2021 að kynna tillögu að deiliskipulagi sem tekur til Hamars land 2. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining á byggingarheimildum innan lands Hamars 2 þar sem gert er ráð fyrir núverandi aðstöðuhúsi, tveimur reið- / vélaskemum allt að 800 fm, tveimur einbýlishúsum með bílskúr allt að 200 fm, auk fjögurra gestahúsa allt að 50 fm. Heildarstærð landsins er um 110 ha.
- 6. Skógsnes 2, L229833 og Laufútín, L230656 – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Flóahrepps samþykkti á fundum sínum þann 6. júlí 2021 að kynna tillögu að deiliskipulagi sem tekur til Skógsness 2 og Laufútíns úr landi Skógsness í Flóahreppi. Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að á hvorum stað risi íbúðarhús, gestahús, reiðhöll/-skemma og vélaskemma. Hvort land fyrir sig er um 60 ha.

Samkvæmt 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 eru hér auglýstar tillögur eftirfarandi deiliskipulagsáætlanar:

- 7. Efra-Langholt L166738 – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundum sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa nýtt deiliskipulag í landi Efra-Langholts. Í deiliskipulaginu felst skipulagning 10 frístundalóða sem eru hver um 1 ha að stærð.
- 8. Efri-Kisubotnar Hrunamannafrétti – Fjallaskáli – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundum sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Efri-Kisubotna á Hrunamannafrétti skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr.123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um rúmlega 4 ha lóð. Innan hennar er núverandi hús. Heimilt er að byggja allt að 150 fm hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gert er ráð fyrir salerni í húsinu. Gerð verður grein fyrir fráveitu og vatnsbóli. Í Aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.
- 9. Svínárnes Hrunamannafrétti – Fjallaskáli – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundum sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Svínárness á Hrunamannafrétti skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 9 ha lóð. Innan hennar er núverandi mannvirki. Heimilt er að stækka/fjölga húsum fyrir gistingu, veitingasölu og vera með tjaldsvæði. Hámarks byggingamagn á svæðinu verður allt að 950 fm. Heimilt er að vera með gistingu fyrir 85 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og

aðkomu. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem skálasvæði á afþreyingar- og ferðamannasvæði.

- 10. Fosslækur Hrunamannafrétti – Fjallaskáli – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundum sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Fosslækjar á Hrunamannafrétti skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar á um 14 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból og vatnsleiðsla frá því að húsunum. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 fm og byggja nýtt hús allt að 100 fm. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.
- 11. Grákollur Hrunamannafrétti – Fjallaskáli – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundum sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Grákolls á Hrunamannafrétti skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 8 ha lóð. Heimilt er að byggja allt að 150 fm hús og vera með gistingu fyrir allt að 30 gesti. Gerð verður grein fyrir fráveitu, vatnsbóli og aðkomu. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.
- 12. Mikluöldubotnar Hrunamannafrétti; Fjallaskáli; Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundum sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Mikluöldubotna á Hrunamannafrétti skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagstillagan tekur til afmörkunar á um 5 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki og gerði fyrir fé/hross. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 fm og byggja nýtt hús allt að 100 fm. Gisting verður fyrir allt að 30 gesti. Einnig er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.
- 13. Helgaskáli Hrunamannafrétti – Fjallaskáli – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundum sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Helgaskála á Hrunamannafrétti skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 15 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki, hestagerði, vatnsból og fráveita. Heimilt er að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 fm og byggja nýtt hús allt að 100 fm. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 fm. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.
- 14. Heiðará Hrunamannafrétti – Fjallaskáli – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundum sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu fyrir Heiðará á Hrunamannafrétti skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur til afmörkunar á um 7 ha lóð. Innan hennar eru núverandi mannvirki. Staðurinn er hugsaður sem áningarstaður á göngu- og reiðleið með Stóru-Laxá. Ekki er gisting á staðnum. Heimilar eru endurbætur/viðhald á núverandi mannvirki. Þá er gert ráð fyrir salerni, fráveitu og vatnsbóli. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.
- 15. Leppistungur L166846 – Fjallaskáli – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundum sínum þann 1. júlí að auglýsa deiliskipulagstillögu vegna Leppistungna á Hrunamannafrétti skv. 1. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Deiliskipulagið tekur til um 5 ha svæðis. Á staðnum er 70 fm hús sem byggt var árið 1987. Einnig er þar gamalt leitar-mannahús. Þessi hús eru notuð sem leitar-mannahús og fyrir ferðafólk á sumrin. Einnig er á staðnum 36 fm hesthús og hestagerði við það. Gisting er fyrir um 24 gesti. Aðkoma er af vegslóða sem liggur um Hrunamannafrétt. Mannvirki eru í eigu Hrunamannahrepps. Starfsemi er aðallega yfir sumartímann. Innan lóðar/afmörkunar svæðis eru núverandi mannvirki, hestagerði og vatnsból. Heimilt verður að stækka núverandi gistiaðstöðu um allt að 100 fm og byggja nýtt hús allt að 100 fm. Heimilt er að stækka hesthús í allt að 100 fm. Gisting verður fyrir allt að 50 gesti. Í aðalskipulagi Hrunamannahrepps 2016-2032 er svæðið skilgreint sem fjallasel á afþreyingar- og ferðamannasvæði.
- 16. Reykjabakki L166812, Reykjalaug – Deiliskipulag**
Sveitarstjórn Hrunamannahrepps samþykkti á fundum sínum þann 1. júlí 2021 að auglýsa deiliskipulagstillögu í landi Reykjabakka. Í deiliskipulaginu felst m.a. skilgreining byggingarheimilda fyrir íbúðarhúsi, gestahúsi og landbúnaðarhúsnæði.

Ofangreindar skipulagstillögur liggja frammi til kynningar á skrifstofu skipulagsfulltrúa, Dalbraut 12, Laugarvatni á skrifstofutíma embættisins. Að auki er hægt að nálgast tillögur á vefslóðinni <http://www.utu.is>. Þá eru gögnin aðgengileg á heimasíðum sveitarfélaganna: <https://www.asahreppur.is/>, <https://www.blaskogabyggd.is/>, <https://www.floahreppur.is/>, <https://www.fludir.is/>, <https://www.gogg.is/> og <https://www.skeldgnup.is/>

Svæðisskipulag fyrir suðrhálendið, mál nr. 1 er kynnt með athugasemdafrest til 15. ágúst. Aðalskipulagsbreytingar mál nr. 2, 3 og 4 er kynnt frá 14. 7. 2021 til og með 6. 8. 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 6. 8. 2021. Deiliskipulagstillögur í lið 5 og 6 eru kynntar frá 14. 7. 2021 til og með 6. 8. 2021 og skulu athugasemdir og ábendingar berast eigi síðar en 6. 7. 2021. Deiliskipulagsmál í liðum 7 – 16 eru auglýst með athugasemdafresti frá 14. 7. 2021 til og með 27. 8. 2021. Athugasemdir og ábendingar við auglýst skipulagsmál skulu berast eigi síðar en 27. 8. 2021.

Athugasemdum og ábendingum skal skila skriflega á skrifstofu UTU Dalbraut 12, Laugarvatni eða með tölvupósti á netfangið vigfus@utu.is.

Skrifstofa Umhverfis- og tæknisviðs Uppsveita bs. mun loka í tvær vikur í sumar, frá 26. júlí til og með 6. ágúst 2021, vegna sumarleyfa starfsfólks.

Við opnum síðan aftur mánudaginn 9. ágúst, hress og endurnærð.

Vígús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi UTU.

FUNDIR

**KRABBAMEINSFÉLAG
ÁRNESSÝSLU**
Símatími alla virka daga
frá kl. 13:00 til kl. 16:00
sími 788 0300.

Al-Anon Selfossi
Al-Anon fundir á þriðjudögum
kl. 20:00, nýliðafundur
kl. 20:30 fundur, Hrísholti 8

Al-Anon
Al-Anon fundur - Einn dagur
í einu. Laugardagsmorgnum
kl. 10, Hrísholti 8, Selfossi.

AA
Mán. kl. 21 - AA fundur
Þrið. kl. 12:05 - AA fundur
Þrið. kl. 19 - AA konufundur
Mið. kl. 19:30 - AA fundur
Mið. kl. 21 - AA fundur
Fim. kl. 20 - AA karlafundur
Fös. kl. 20:30 - AA fundur
Lau. kl. 21 - AA Opinn fundur
Sun. kl. 11 - AA fundur
Sun. kl. 14 - PPG opinn fundur
Sun. kl. 21 - AA fundur
AA Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á aa.is.

AA Sporgöngufólk f. alla
Bókasafn
Hafnarberg 1 - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 11-12 sunnudag.

AA opin fundur f. alla
Kirkjan kjallari
Skálholtsbraut - 815 Þorlákshöfn
Klukkan 20:00 fimmtudag.

OA
Áttu erfitt með að hætta að
borða? OA 12 spora fundir
Overeaters Anonymus alla
þriðjudaga kl. 19 Hrísholti 8.

CoDA
Bataleið frá meðvirkni
Fundir alla laugardaga
kl. 10:30.
Hrísholti 8, Selfossi.
Nánari upplýsingar á coda.is.

Leiðin út á þjóðveg
Fundir í Rauðakrosshúsinu,
Mánamörk 1, Hveragerði, efri
hæð, fimmtudaga kl. 20:30.

DAGSKRÁIN
FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS

S. 482 1944
dfs@dfs.is

BÍLAR

KLETTUR
Bifreiðaverkstæði

Sími 482 4012, Hrísmýri 3, Selfossi
Þjónustuskóðanir Heklu-bifreiða og
almennar bílavíðgerðir.



Hjólástíllingar

Dekkja- og smurþjónusta
Sími 482 4069



Yfirbyggingar - Réttingar
Bílamálun - Rúðuskipti

Gagnheiði 11
800 Selfossi
Sími 482 2200
GSM 894 2277
Fax 482 2777

ÞJÓNUSTA

BR FLUTNINGAR
S. 662 1122

Daglegar ferðir
SELFOS - REYKJAVÍK
SUÐURLAND

ICECOOL

Bifreiða- og breytingaverkstæði
Gagnheiði 51, Selfossi
Sími 482 1361 - gunni@icecool.is

KJARNABÓKHALD

Bókhald • Framtöl • Skattskil
Launavinnslur • Ráðgjöf o.fl.

Austurvegur 6 - 800 Selfoss
Sími 482 3755 - kjarna@centrum.is

Ráð í rekstri !

Hjá Maddý ehf.

Eyragæti 27 - 800 Selfoss
s. 482 3454 - maddy@maddy.is

**Bókhald - ráðgjöf
skattskil**

**Þjónusta við
einstaklinga og
fyrirtæki**

Persónuleg þjónusta



VH Tækjaleiga

Til leigu 2,8 tonna minigrafa.
Upplýsingar í síma 892 5741.

**Krani
&
tæki**

Kranabíll • Minigrafa
Traktorsgrafa
Krabbi • Mannkarfa

Öll almenn jarðvegsvinna
og flutningar

Diddi Elli
S. 861 4966 S. 861 6700
fredi@simnet.is

KIRKJUR

Árborgarprestakall
Ekki verður messað í Selfoss-
kirkju / Árborgarprestakalli
sunnudaginn 18. júlí. Þess í stað
er minnt á Skálholtshátíð 16.-18.
júlí og hátíðarmessu í Skálholts-
kirkju 18. júlí kl. 14.

TIL LEIGU

Íbúð til leigu
Til leigu 2ja-3ja herbergja björt
70 fm íbúð auk geymslu á
Selfossi. Íbúðin er öll tekin í
gegn. Stutt í skóla og verslanir.
Laus strax leiga 180 þúsund kr.
með hússjóð og hita. 3 mán. í
tryggingu. Uppl. í síma 897
2681 eða á netfangið asgeir-
helga@simnet.is.

Sjafnarblóm

Starfsfólk óskast

Sjafnarblóm óskar eftir að ráða
blómaskreyti eða starfsmann vanan
blómum í fullt starf eða hlutastarf.

Nánari upplýsingar í s. 691 5578. Einnig er hægt
að senda umsókn á serica@serica.is

Tónlistarhátíðin Englar og menn hefst á ný

Tónlistarhátíðin Englar og menn hefst á nýju eftir áhrslé í Strandarkirkju í Selvogi nk. sunnudag með tónleikum kl. 14. Á fyrstu tónleikum sumarsins koma fram sunnlensku einsöngvararnir María Sól Ingólfsdóttir sópran og Gunnlaugur Bjarnason barítón. Einar Bjartur Egilsson leikur með þeim á píanó og harmóníum.

María Sól Ingólfsdóttir er fædd og uppalin á Engi í Laugarási í Biskupstungum. Hún hefur unnið að fjölbreyttum verkefnum, óperum og hátíðum á sviði klassískrar- og samtímatónlistar seinustu ár. Hún útskrifaðist úr Listaháskóla Íslands árið 2019, hóf nám í Konunglega tónlistarháskólans í Den Haag í Hollandi en seinasta árið hefur hún sótt einkatíma hjá Janet Haney í London. María Sól trúir því að tónlist sé galdur.

Gunnlaugur Bjarnason barítónsöngvari er uppalinn á Selfossi þar sem hann tók sín fyrstu skref í tónlist við Tónlistarskóla Árnesinga. Hann lauk framhaldsprófi í söng frá Menntaskóla í tónlist árið 2020. Nú leggur hann stund á meistara-



nám í sama fagi við Konunglega tónlistarháskólann í Den Haag í Hollandi. Í janúar 2022 mun Gunnlaugur leika sitt fyrsta óperuhlutverk í uppsetningu á óperunni Mærpöllu eftir Þór- unni Guðmundsdóttur.

Einar Bjartur lærði á píanó í Tónlistarskóla Mývatnssveitar, Tónskóla Sigursveins og síðar í Listaháskóla Íslands undir handleiðslu Peters Máté. Árið 2013 lék hann einleik í píanó-konsert eftir F. Poulenc með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Eftir Listaháskólann lagði hann stund á framhaldsnám í píanóleik í Hollandi. Samhliða náminu samdi hann tónlist og gaf út hljómplötu með eigin verkum að nafni Heimkoma árið 2016. Einar hefur spilað með ýmsum tónlistarmönnum bæði hérlandis

og í Hollandi. Hann starfar nú sem píanó kennari og meðleikari við Tónlistarskóla Árnesinga ásamt því að leika reglulega með kórum og listafólki á tónleikum og sýningum. Hann gaf nýlega út tvær hljómplötur með svissneskum píanóverkum og er um þessar mundir m.a. að vinna við undirbúning óperu, píanó-einleiks auk útgáfu á nýrri plötu með eigin tónlist. Aðrir tónleikar hátíðarinnar verða 25. júlí og 8. og 15. ágúst.

Aðgangseyrir á tónleikana er kr. 3.000 en tónlistarhátíðin er styrkt af Tónlistarsjóði Rannís og Sambandi sunnlenskra sveitarfélaga.

Listrænn stjórnandi hátíðarinnar er sem fyrr Björg Þórhallsdóttir.

Jazz-hátíð í Skógum

Jazz undir fjöllum, árleg jazzhátíð í Skógum undir Eyjafjöllum, verður haldin á átjándra sinn laugardaginn 17. júlí.

Aðaltónleikar hátíðarinnar fara fram í félagsheimilinu Fossbúð laugardagskvöldið 17. júlí kl. 21:00. Þar kemur fram kvartett söngkonunnar Stínu Ágústsdóttur en hún býr og starfar í Svíþjóð þar sem hún hefur gert garðinn frægan. Stína á ættir sínar að rekja í Skóga en hún er barnabarn Magnúsar Gíslasonar sem var fyrsti skólustjóri Skóga-skóla. Með henni leika þeir Agnar Már Magnússon á Hammond-orgel, Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar og Jóhann Hjörleifsson á trommur. Þau munu flytja hressilega og fjölbreytta dagskrá.

Í Skógakaffi verður boðið upp á tónlist laugardaginn 17. júlí frá kl. 14-17. Þar verða óformlegri tónleikar eða nokkurskonar jam session. Sigurður Flosason leikur á saxófón, Snorri Sigurðarson á trompet, Andrés Þór Gunnlaugsson á gítar, Agnar Már Magnússon á Hammond-orgel og Jóhann Hjörleifsson á trommur. Þeir mun flytja fjölbreytta efnisskrá. Einnig munu Andrés og Agnar leika lög af nýutkominni plötu sinn „Aldarfar“ en á henni



heiðra þeir Jón Múla Árnason 100 ára og verk hans. Ókeypis er inn á þessa tónleika og reiknað með að gestir geti komið og farið að vild á meðan á tónleikunum stendur.

Fyrri hátíðir í Skógum hafa fengið frábæra aðsókn og góða dóma. Hér er á ferðinni einstakt tækifæri til að njóta góðrar og fjölbreyttrar tónlistar í tengslum við lifandi náttúru Íslands eins og hún gerist fegurst. Aðstandendur hátíðarinnar eru Skógasafn og Sigurður Flosason. Hátíðin nýtur stuðnings Rangárþings eystra, Skógasafns og Hótel Kvernu. Aðgangur er ókeypis í Skógakaffi, en aðgangseyrir er kr. 2.900 í Fossbúð.

Allt sem flýgur

Flughátíðin *Allt sem flýgur* var haldin á flugvælinum á Hellu sl. helgi. Hátíðin hefur vaxið með hverju ári og hefur hún verið ómissandi hluti af sumrinu hjá mörgum.

Á hátíðinni gafst fólki tæki-

færi til að kynna fluginu með einstökum hætti. Svæðið var ein samfelld flugsýning frá föstudegi til sunnudags og gat maður skoðað vélarnar, setið við flugbrautina og fylgst með alls konar loftförum á svæðinu leika listir sínar.

Hápunktur krakkanna var karamellukastið á laugardegnum þegar sælgæti rigndi yfir svæðið. Á laugardagskvöldi var svo eka íslensk kvöldvaka í flugskýlinu.



Myndir: Tryggvi Rúnarsson.

Eldra fólk vill hafa áhrif á eigið líf

Stjórnmalamenn hafa mikinn áhuga á kjörum eldra fólks -fyrir kosningar. Þeir vita að sextíu ára og eldri eru 75 þúsund og öll með atkvæðisrétt! Þess vegna er okkur eldri lofað gulli og grænum skógum fyrir kosningar -í von um atkvæði. Áhugi stjórnmalamannanna dvínar strax að kosningum loknum.

Á landsfundi Landsambands eldra borgara (LEB) í maí sl. voru samþykkt „Áhersluatriði eldra fólks í komandi alþingiskosningum.“ Stefna í fimm liðum sem fjallar um kjaramál, starfslok, heilbrigðisþjónustu, búsetuúrræði og einföldun laga um málefni eldra fólks (Nánar á www.leb.is). Nú er verkefnið á næstunni að kynna áhersluatriðið fyrir væntanlegum Alþingismönnum.

Á Suðurlandi eru starfandi 13 félög eldri borgara með um 2.200 félaga. (55 félög alls á landinu með um 30.000 félagsmenn). Fulltrúar frá meirihluta félaganna hafa hist á tveim fundum til að ræða samstarf um aðgerðir í aðdraganda alþingiskosninga.

Einkum voru tvær leiðir ræddar: Að bjóða frambjóðendum í Suðurlandinu á fund með félagsmönnum í félögum eldri borgara á Suðurlandi. Þar væri væntanlegum þingmönnum gerð grein fyrir áhersluatriðunum og þeim jafnframt gefinn kostur á að gera grein fyrir sínum áherslum í málefnum eldra fólks.

Hin leiðin var að eldra fólk mæti á félags- og formboðsfundi flokkanna og komi áhersluatriðunum á framfæri við frambjóðendur. Ákveðið var að fara þessa leið og fimm manna aðgerðahópi falið að annast undirbúning og skipulag aðgerða. Hópurinn skipa Þór Íseld Vilhjálmsson, Vestmannaeyjum, sími 897 9615, Þorgrímur Óli Sigurðsson, Selfossi, sími 698 3100, Margrét Guðmundsdóttir, Mýrdal sími 860 2810, Elín Siggeirsdóttir, Biskupstungum, sími 891 8531 og Jón Ragnar Björnsson, Rangárvallasýslu, formaður, sími 699 0055. Þeir sem vilja taka þátt í þessum aðgerðum eru beðnir að hafa samband við eitthvert okkar í hópnum. Við verðum með áherslu-

atriðin fimm á blaði sem hægt er að afhenda frambjóðendum og öðrum, sem áhuga hafa. Einnig blað með nánari útlistun á áhersluatriðunum fyrir þá sem kynna áhersluatriðin.

Reynslan sýnir að stjórnmöld eru treg til að liðsinna okkur. Þau hafa líka kvartað yfir því að erfitt sé að vita hvað við viljum. Kannski höfum við ekki verið nægilega samstíga í kröfugerðum en nú hefur myndast skýr og afgerandi samstaða meðal félagsmanna um allt land. LEB hefur kynnt stjórnmálaflokkunum áhersluatriðin og með því að hafa nú skipulega samband við „grasrótna“ á stjórnmálafundum, má vænta þess að dropinn holi steinin og réttlætið sigri.

Við skulum ekki gleyma því að við tókum fullan þátt í að byggja upp þetta þjóðfélag og sköpuðum mikil verðmæti sem koma afkomendum okkar til góða.

Aðgerðahópur félaga eldra fólks á Suðurlandi.



Byggingafélagið Sandfell óskar eftir verkstjóra í spennandi verkefni

Verkstjóri óskast í fullt starf vegna uppbyggingar að Orustustöðum í Skaftárhreppi með möguleika á framtíðarstarfi hjá félaginu. Leitað er að einstaklingi með góða skipulags- og samskiptahæfni sem hefur drifkraft og frumkvæði til að leysa þau verkefni sem falla undir starfið.

Verkstjóri hefur umsjón með starfsmannahaldi og daglegum verkefnum á staðnum. Hann ber ábyrgð á verkfærum, lagerstöðu og vörumóttöku ásamt því að vera tengiliður vegna innkaupa og vöruflutninga á verkstað.

Starfsmaður þarf að hafa menntun og/eða reynslu sem nýtist í starfi og hafa ríka umhverfisvitund. Þekking á umhverfis- og gæðastjórnarkerfinu BREEAM er kostur.

Æskilegt er að starfsmaður hafi gott vald á íslensku og ensku í ræðu og riti.

Áhugasamir sendi umsókn með ferilskrá og kynningarbréfi á Hreiðar Hermannsson á netfangið hreidar@stractahotels.is.

Umsóknarfrestur er til og með 25. júlí. Óskað er eftir að starfsmaður geti hafið störf sem fyrst.

Ráðgjafi á sviði starfsendurhæfingar



Birta starfsendurhæfing Suðurlands leitar að metnaðarfullum einstaklingi í starf ráðgjafa í starfsendurhæfingu. Um er að ræða fullt starf. Æskilegt er að viðkomandi geti hafið störf sem fyrst, eða eftir nánara samkomulagi.

Helstu verkefni og ábyrgð:

- Ráðgjöf, stuðningur og málástjórn
- Kortleggja og skipuleggja þörf á úrræðum
- Skráning og samantekt á gögnum.
- Þátttaka í að efla og innleiða nýjungar í starfi
- Halda utan um hópastarf

Menntunar- og hæfniskröfur:

- Háskólamenntun sem nýtist í starfi, s.s. félagsráðgjöf, iðjuþjálfun eða önnur menntun á sviði heilbrigðis- og félagsvísinda
- Starfsleyfi frá Landlækni
- Hagnýt starfsreynsla
- Skipulagshæfni og sjálfstæði í vinnubrögðum
- Vera sveigjanlegur, hugmyndaþróun og tilbúinn að takast á við áskoranir
- Góð samskiptahæfni, félagslyndi, jákvætt viðmót og frumkvæði
- Góð þekking og áhugi á starfsendurhæfingu
- Mjög gott tölvulæsi

Umsóknarfrestur er til 1. ágúst 2021. Viðtöl verða dagana 4.-6. ágúst. Upplýsingar um starfið veitir Sandra Guðmundsdóttir forstöðumaður Birtu í s. 860 3390 eða á netfangið sandra@birtastarfs.is. Frekari upplýsingar um starfsemi Birtu má finna á www.birtastarfs.is.

Starfsemi í nýja miðbæ Selfoss fór í gang um helgina

Um helgina opnuðu veitingastaðir og verslanir í nýja miðbænum á Selfossi.

Starfsemi í fyrri áfanga nýja miðbæjarins á Selfossi fór í gang núna um helgina og verslanir og veitingastaðir að opna fyrir gestum og gangandi.

Um reynsluopnun, eða „soft opening“ er að ræða. Framkvæmdir við fyrri áfanga miðbæjarins eru langt komnar og þó ekki séu öll húsin þrettán fullbyggð og ýmis handtök eftir í umhverfisfrágangi var það vilji allra aðstandenda að fá álit bæjarbúa og annarra, og slípa reksturinn til í samstarfi við gesti næstu daga og vikur.

Þær verslanir sem opnuðu núna í hinu nýja Brúarstræti á Selfossi eru Penninn/Eymundsson, Tiger, 1905 blómabúð, Listasel gallerí og jólabúðin



Mynd: Christopher Lund.

Mistilteinn. Stærsta verslunin við götuna, tísku- og hönnunarverslunin Motivo opnar innan tíðar eins og ísbúð Kjöriss, Miðbæjaris og fleiri verslanir.

Í matarmenningarsetrinu í hinu glæsilega endurreista húsi Mjólkurbús Flóamanna eru átta veitingastaðir að hita upp í grillum, ofnum og pottum og

pönnum. Þeir eru, Samuelsson matbar, Flatey pizza, Smiðjan brugghús, Menam, Romano Pasta Street Food, El Gordito Taco, Dragon Dim Sum og síðan Ísey skyrbar sem rekinn er samhliða Skyrlandi, metnaðarfullri upplifunarsýningu um íslenska skyrið.



Gestir fjölmenntu á Brúartorgið. Mynd: Dagskráin/btv



Það var stappað í mathöllinni. Mynd: Dagskráin/btv

FROST
KÆLIKERFI - FRYSTIKERFI
HÖNNUN - SALA - ÞJÓNUSTA
HÁHEIDI 9, SELFOSSI - Sími 464 9400 - WWW.FROST.IS

expert kæling
Sími 660 2970
Uppsetn. og viðhald á kæli- og frystikerfum
Ísskápavíðgerðir - Almennar raflagnir

prentmet
heildarlausnir í prentun
Sími 482 1944
selfoss@prentmetoddi.is

Rétting og málun
Vottað réttingaverkstæði
Cabas tjónaskoðun
Breiðumýri 1, Selfossi
Sími 480 8020

Jiibbiíi
Siggafærðir
- Flutningaþjónusta -
Selfoss - Reykjavík f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss f.h. og e.h.
Reykjavík - Selfoss
Hella - Hvolsvöllur
Sími 772 6010

Lagnaþjónustan ehf
Pípulagnir - Efnissala
482 2311 696 2311
Skrifstofa Þjónustusími

FYLGD
Útfararþjónusta
Gísli G. Guðmundsson Svanhildur Eiríksdóttir Elfar F. Sigurjónsson
Vistvænar íslenskar kistur, krossar og legsteinar
Sími 482 4300 • www.fylgd.is • fylgd@fylgd.is

NÝTT
Vinnuvélanámskeið
á netinu!
www.vinnuvelaskolinn.is

BRAC AF VINÁTTU!
Fæst hjá **BYKO** Selfossi

HREINGERINGA-ÞJÓNUSTA Suðurlands ehf.
Allar ræstingar
Steintéppabreinsun, téppabreinsun,
bón, gluggabreinsun o.fl.
Sími 897 8444
Hreint um allt Suðurland

VÉLSMÍÐJA SUÐURLANDS ehf
Selfossi Gagnheiði 5 Sími: 482 1980
Efnissala
Rennismíði
Innréttingar
Járnsmíði
Gagnheiði 5, Selfossi
Sími 482 1980

Bílasprautun - Bílaréttingar
Bílrúðuskipti
Bilverk BA
Þar sem fagmennirnir vinna
★★★★★ Vottað verkstæði
Gagnheiði 3 - Selfossi
Sími 482 2224 / 899 5424 - bilverkba.is

DAGSKRÁIN FRÉTTABLAÐ SUÐURLANDS
DFS.IS FRÉTTAVEFUR SUÐURLANDS
Viltu vekja athygli á Suðurlandi?
Hafðu samband og fáðu tilboð í auglýsingar í blaðið og á vefinn.
Sími 482 1944
auglysingar@dfs.is

Sprettur ÁBURÐUR
Skeljungur
Lúðvík Bergmann, Viðskiptastjóri
GSM: 840 3009

Hjólbarðapjónusta Magnúsar
Gagnheiði 25 - Sími 482 2151
HM
Hjólbarðar
Betri vörur - betra verð

Tækniþjónusta Suðurlands ehf. Selfossi
Sjónvarpskerfi fyrir hótél og gistihús
Öryggiskerfi
Eftirlitsmyndavélakerfi
Hljóðkerfi
Símkarfi o.fl.
Sérhæfing - Þekking - Reynsla
Gunnar Guðmundsson Vilundur Sigurðsson
Sími 694 4922 Sími 779 6777

D+H BÓKHALD
Útfararþjónusta
✓ Bókhaldsþjónusta
✓ Skattskil
✓ Stofnun fyrirtækja
✓ Framtöl og ársreikningar
✓ Fyrirtækjaráðgjöf
Dagbjört Hannesdóttir
MACC í viðskiptafræði
dhhbkhald@gmail.com
s. 6933708